

Minnisblað

Dags: 27.5. 2019 /Ság

Varðar: Endurbætur á Tálknafjarðarhöfn

Inngangur:

Að beiðni sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps hefur verið tekið saman minnisblað um helstu endurbætur sem fara þarf í að framkvæma í Tálknafjarðarhöfn. Markmið endurbótanna er að bæta aðstöðu fyrir notendur hafnarinnar, þar á meðal útgerðar, fyrir fiskeldið, flutningsaðila og fleiri.

Við vinnslu minnisblaðs var stuðst við fund sem haldinn var um málið með sveitarstjóra. Allar kostnaðartölur eru grófáætlaðar.

Þekja á Hafskipabryggju:

Steypu þekju á Hafskipabryggju sem var byggð árið 1995 en þá var hún lengd um 60 metra en þekjan var ekki steipt og er þar malarpúði í dag. Fjárveitngin sem ætlað var til að ljúka verkinu fór í annað á vegum ríkisins. Farið er fram á að verkið verði klárað og ríkið veiti fjárveitingu í það. Það er ekki heimilt að landa við Hafskipabryggju og takmarkar það notagildi hennar.

Til að auka notagild bryggjunnar þarf að ljúka henni og er það löngu orðið tímabært. Steypa þarf um 1100 fermetra þekja. Kostnaður við að steypa þekjuna er áætlaður um 35 m.kr. með vsk. Skoða þarf hvort endurnýja þurfi rafmagn og vatnslagnir. Kostnaður hafnarinnar miðað við 60% styrkhæfni og 15% viðbótarframlag frá ríkinu er 7,1 m.kr.

Trébryggja fyrir þjónustuskip:

Mikill uppgangur er í fiskeldi á Tálknafirði en það vantar góð legupláss fyrir þjónustuskip fiskeldisins.

Harðviðarbryggja um 70 metra löng og 7m breið um 30 metra norðan við Hafskipabryggju sem er í skjóli inn í smábátahöfninni bætir ástandið. Dýpi við bryggju verður allt að 4m en það nægir þjónustuskipunum. Gert er ráð fyrir að bryggjan kosti um 159 m.kr.

Að lokinni smíði er gert ráð fyrir að dýpka við bryggju í 4m. Áætlað er að dýpka þurfi um 65x10 metra breiða rennu meðfram bryggjunni og magn um 1600 rúmmetrar. Kostnaður yrði um 6 m.kr. m. vsk.

Markmið með þessum framkvæmdum er að skapa aðstöðu fyrir þjónustubáta fiskeldisins en þeir þurfa nú stundum að liggja utan á Hafskipabryggjunni sem hefur orskað tjón á bryggju og báti. Kostnaður hafnarinnar við dýpkun og byggingu trébryggju er 33,3 m.kr. og miðast við 60% framlag ríkissjóðs auk 15% viðbótarframlags.

Smábátastaða:

Dýpka þarf í smábátahöfninni, en dýpið þar er alveg niður í rúma 1,0m sem er of lítið fyrir smábátana. Með tilkomu trébryggju þá þrengist að smábátunum öðru megin við syðri flotbryggjuna. Til að bæta aðstöðuna er lagt til að færa suður flotbryggjuna með því að lengja norður flotbryggjuna. Við það þarf að dýpka frá landi við flotbryggjunnar til að nægjanlegt dýpi sé fyrir smábáta að liggja og koma að bryggju. Óskað er eftir að dýpkað

sé í a.m.k. 2m. Lagt er til að bryggjan sé skekkt um nokkrar gráður til að auðvelda aðkomu landmeginn.

Áætlaður kostnaður við færslu bryggju, taka upp keðjur ofl er um 3,1 m.kr. Gert er ráð fyrir að unnt sé að nýta flotbryggjuna og akkeri.

Áætlað er að dýpka þurfi um 3000 rúmmetra og er kostnaður við það um 10,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að það sé gert frá landi og efnið sé nýtt í landfyllingu vestan við smábátahöfn. Heildarkostnaður við færsluna er 13,9 m.kr. Þar af er kostnaður hafnarinnar 10% eða 1,1 m.kr. miðað við að í framkvæmdinni felst endurbygging bryggju og viðhaldsdýpkun.

Lenging garðs í smábátahöfn um 20 metra:

Til að draga úr hreyfingu innan smábátahafnar má þrengja opið. Það er vegna þess að með lengingu flotbryggju þá eykst hreyfing við hana og því fækkar aðeins bryggjuplássum með breytingum á smábátaaðstöðu frá því sem nú er. Talið er nægjanlegt að lengja garðsenda um 20 metra en það þarf að skoðast frekar. Freistandi er að ráðast í þessa framkvæmd samhliða dýpkun smábátaaðstöðunnar vegna þess að samlegðaráhrifin eru þó nokkur vegna nýtingar garðs-, dýpkunarefnis og aðstöðusköpunar. Magnið í garði er áætlað um 2000 rúmmetrar og kostnaður um 11 m.kr. ef ráðist er samhliða í þessa framkvæmd með dýpkun smábátahafnar annars töluvert meira og sama gildir um dýpkun smábátahafnar. Kostnaður hafnarinnar er áætlaður um 1,0 m.kr.